Sjóðfélagafundur Gildis - 28. október 2014

Ágætu sjóðfélagar.

Ég býð ykkur velkomin á þennan sjóðfélagafund Gildis.
Á fundinum verður farið yfir starfsemina það sem af er þessu ári ásamt því að kynna fyrirhugaðan samruna Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.

Í upphafi þessa árs hófust viðræður um mögulegan samruna sjóðanna en stjórnir Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hafa undirritað samning um samruna sjóðanna sem farið verður betur yfir hér á eftir. Mjög gott samstarf hefur verið milli sjóðanna í samrunaferlinu og hefur verið einhugur um það í stjórnum beggja sjóðanna að rekin verði áfram starfsstöð á Ísafirði. Margt er líkt með þessum sjóðum þar sem þeir eru báðir blandaðir sjóðir verkafólks og sjómanna. Þá er örorkubyrðin í svipuðu hlutfalli hjá þessum tveimur sjóðum eða um 30% og því sameiginlegt markmið að ná því hlutfalli niður.
Með sameiningu sjóðanna fer heildareign hátt í 400 milljarða.

Fækkun lífeyrissjóða

Það má segja að Gildi hafi ákveðna reynslu þegar kemur að samruna lífeyrissjóða, Gildi-lífeyrissjóður var stofnaður við sameiningu Lífeyris-sjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir um rétt tæpum tíu árum síðan.
Meginmarkmið lífeyrissjóða er að ná hámarksávöxtun fyrir sína sjóðafélaga og einn þáttur í því er að horfa til rekstrarumhverfisins og með sameiningu sjóða er markmiðið að ná hagkvæmni í rekstri, efla eignastýringu og styrkja þar með tryggingafræðilegu stöðu sjóðanna.

Áfram unnið að bættri hluthafastefnu

Töluverð vinna hefur verið lögð í hlutafastefnu Gildis enda ljóst þar sem um 15% eigna sjóðsins liggja nú í innlendum hlutabréfum að full þörf er á að fylgja þeim eignum eftir með skýrri stefnu og eftirfylgni. Stjórnin telur mikilvægt að skerpa enn frekar á áherslum í eigendastefnu sjóðsins og þá hljótum við einnig að horfa til siðferðilegra sjónarmiða, þar meðtalið starfskjarastefnu fyrirtækja og launakjara æðstu stjórnenda. Þá telur stjórn Gildis einnig nauðsyn á að hafa samkeppnissjónarmið skýr og afmörkuð í hluthafastefnu Gildis.

Aukinn valkostur í lánveitingum til sjóðfélaga

Um 190 þúsund sjóðfélagar eiga réttindi hjá Gildi og eiga þeir allir rétt á að sækja um sjóðfélagalán hjá sjóðnum. Það er ánægjulegt að greina frá því að sjóðfélagalán Gildis eru með hagstæðustu húsnæðislánum sem bjóðast í dag. Þá hefur stjórn sjóðsins samþykkt að auka valkosti sjóðfélaga enn frekar með því að bjóða upp á óverðtryggð lán.

Skert framlag til jöfnunar á örorkubyrði

Gildi hefur mótmælt harðlega áformum ríkisstjórnar sem fram koma í nýju fjárlagafrumvarpi um að fella niður greiðslur til jöfnunar á örorkulífeyrisbyrði. Þar sem sjóðfélagar Gildis lífeyrissjóðs bera einna hæstar örorkubyrðar lífeyrissjóðanna koma þessi áform harðast niður á þeim sjóðfélögum og myndu leiða til allt að 4,5% réttindaskerðingar ef áformin næðu fram að ganga.

Það sætir í raun furðu með hvaða hætti ríkisstjórnin nálgast viðfangsefnið í nýju fjárlagafrumvarpi. Þar kemur fram skýr viðurkenning á þörfinni til að jafna örorkubyrði sjóðanna með greiðslum úr ríkissjóði en að hefja eigi viðræður við lífeyrissjóði þar sem alveg er óvíst hvað út úr slíkum viðræðum kæmi. Það gengur ekki að byrja á því að fella niður allar greiðslur til jöfnunar á örorkubyrði og ætla síðan hugsanlega að hefja viðræður um mögulegar greiðslur.

Ágætu sjóðfélagar. Viðfangsefni sjóðsins eru fjölmörg og því mikilvægt að nota vettvang eins og þennan til þess að miðla þeim áfram til sjóðfélaga. Að lokinni yfirferð hér á eftir vil ég hvetja fundargesti til þess að koma fram með spurningar ef slíkar vakna.

Harpa Ólafsdóttir, formaður stjórnar Gildis

Reykjavík, 28. október 2014